

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, nr. 1097/2008.

1. gr.

Við 16. gr. samþykktarinnar bætist svohljóðandi 6. mgr.:

Óheimilt er að nota, reisa eða setja upp girðingar í og við þéttbýli sem geta valdið vegfarendum eða dýrum hættu eða óþægindum, til dæmis gaddavírs- og rafgirðingar.

2. gr.

Breyting á samþykkt þessari, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. maí 2021.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2021